



## Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur

### 92. fundur skóla- og frístundaráðs, 27. jan. 2016, [sjá fundargerð](#)

13. liður

#### **Varðandi tillögur starfshóps um samstarf foreldra og skóla**

Á fundi skóla- og frístundaráðs í janúar 2011 voru samþykktar tillögur starfshóps um samstarf foreldra og skóla. Hlutverk starfshópsins var m.a. að leggja grunn að stefnu menntasviðs og leikskólasviðs um samstarf foreldra og skóla. Tillögurnar fólust m.a. annars í því að á skólaárinu 2011 – 2012 yrði þess vænst að allir skólar borgarinnar gerðu samstarfsáætlun skóla og foreldra sem tæki gildi í ársbyrjun 2012 og eigi síðar en í upphafi skólaársins 2012 – 2013. Haldin voru endurmenntunarnámskeið fyrir skólustjórnendur þar sem megináhersla var á samstarf foreldra og skóla.

- Hversu margir grunnskólar í Reykjavík hafa gert slíka áætlun með þeim hætti sem lagt er til í tillögum starfshópsins?
- Hefur þessari vinnu verið fylgt eftir?
- Hafa áætlanirnar verið innkallaðar af sviðinu?

Svar lagt fram á 94. fundi, 24. febrúar 2016 ([sjá fundargerð](#), 11. liður).

SFS2016010160